

# Aðalfundur Ungmennafélagsins Tindastóls

29. mars 2007

## Dagskrá:

1. Setning
2. Kosning fundarstjóra
3. Kosning fundarritara
4. Skýrsla formanns
5. Skýrsla gjaldkera
6. Kosning formanns
7. Kosning stjórnar
8. Kosning varamanna
9. Kosning í stjórn félagsheimilisins Bifrastar
10. Kosning skoðunarmanna
11. Önnur mál

## Fundargerð:

1. Gunnar Þór Gestsson formaður setti fundinn.
2. Gunnar Þór tilnefndi Magnús Svavarsson sem fundarstjóra sem var samþykkt með klappi.
3. Magnús tók við fundarstjórn og þakkaði traustið. Hann lagði til að Jakob F. Þorsteinsson yrði fundarritari og var það samþykkt samhljóða.
4. **Skýrsla stjórnar.** Gunnar Þór las upp og lagði fram skýrslu stjórnar og var almenn ánægja með góða skýrslu. Engar athugasemdir voru gerðar við skýrslu stjórnar og hún samþykkt.
5. **Skýrsla gjaldkera:** Elínborg Svavarsdóttir gjaldkeri las upp reikning félagsins. Athugasemdir voru lagðar fram um innheimtu félagsgjalda. Mikill munur er á innheimtu og var þess óskað að stjórnin skoðaði það mál. Einnig hafa lottótekjur minnkað verulega. Reikningarnir voru lagðar fram og þeir samþykktir samhljóða.
6. **Kosning formanns.** Stungið var uppá Gunnari Þór Gestssyni og var það samþykkt samhljóða.
7. **Kosning stjórnar.** Magnús tilkynnti það að hann gæfi ekki kost á sér til frekari starfa. Aðrir í stjórn gefa kost á sér til áframhaldandi setu. Gunnar stakk uppá Magnúsi Helgasyni í stjórnina og var það samþykkt samhljóða.

### Stjórnina skipa:

- Gunnar Þór Gestsson
- Elínborg Svavarsdóttir
- Magnús Helgason
- Jakob Frímann Þorsteinsson
- Gunnar Björn Rögnvaldsson

### 8. Í varastjórn voru kjörnir samhljóða:

- Ómar Bragi Stefánsson
- Snorri Styrkársson
- Arnar Halldórsson

### 9. Kosnir samhljóða í stjórn félagsheimilisins Bifrastar:

- Frímenn Guðbrandsson
- Pálmi Sighvatsson

10. **Skoðunarmenn** reikninga voru kjörnir samhljóða:

- Jón Hallur Ingólfsson
- Gunnar Þór Sveinsson

11. Ákvörðun um félagsgjöld.

Gjaldkeri félagsins lagði til að félagsgjöldin fyrir 18 ára og eldri yrðu hækkuð í 2500 kr. (voru áður 2000 kr.) og einnig hækkuð fyrir 14-18 ára úr 750 kr. í 1000 kr. Tillagan var samþykkt samhljóða.

12. **Önnur mál:**

Ómar Bragi spurði um hver væri staðan á undirbúningi afmælisársins. Gunnar sagði frá því hverjir væru í afmælisnefndinni en í henni eru Magnús Svavarsson (aðalstjórn), Viggó Jónsson (skíðadeild), Valgeir Kárasón (sund), Hrafnhildur Pétursdóttir (knattspyrna), Á. Heiðar Ásgeirsson (karfa) og Ingimundur Guðjónsson (frjálssar). Erfiðlega hefur gengið að ná öllum á fund. Rætt hefur verið í nefndinni m.a. um íþróttaleika 17. júní, afmælisrit er í skoðun, hátíð á afmælisdaginn, sameiginleg mynd á afmælispening sem yrðu notaðar á árinu, safna saman gömlum myndum (fundarmenn voru hvattir til að benda á ef þeir vissu um slíkt).

Ómar Bragi lagði það til að sett yrði upp sýning í Safnahúsinu um sögu félagsins svipað og gert var með tónlist í Skagafirði. Einnig fannst honum kjörið að hafa göngu á Tindastól í tilefni afmælisins. Viggó kom líka með þá hugmynd að fá veitingastaði til að taka þátt í afmælinu með okkur (matseðill, lifandi myndir ofl). Viggó Jónsson óskaði nýrri stjórn til hamingju og hvatti fundarmenn að koma með hugmyndir til nefndarinnar er varðar viðburði á árinu.

Magnús þakkaði fyrir samstarfið við stjórnina undanfarin ár og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar í starfi. Að lokum sleit hann fundi.